

Fundur Skólaráðs Stóru-Vogaskóla 16. desember 2014.

- mættir Svava Bogadóttir, skólastjóri, Jens G. Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson, fulltrúar kennara, Anna Hlöðversdóttir, fulltrúi starfsmanna, Magnús Steingrímsson og Oddur Ragnarsson, fulltrúar foreldra og Tanja Sigmundsdóttir og Sindri Friðriksson fulltrúar nemenda.
Hannes Birgir ritar fundargerð.

Svava bauð alla velkomna og fór yfir umræður frá síðasta fundi sem var fyrir mánuði síðan.

Dagskrá:

1. Skólanámskrá Stóru-Vogaskóla.

- almennar umræður um skólanámskrána en vinna við hana hefur staðið yfir sl. þrjú ár og er hún byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Við munum fjalla um almennan hluta skólanámskrárinnar.
- skjalið er enn í vinnslu/mótun og var fjallað um skjalið eins og það er í dag, frekari vinna við skjalið fer fram.
- Svava fór yfir helstu þætti í skólanámskránni og voru líflegar umræður um námskrána.

2. Önnur mál

- Svava fór yfir hlutverk Skólaráðs.
- Ákveðið var að funda með stjórn nemendafélagsins í janúar/febrúar 2015.
- á næsta fundi verður fjallað um skólareglurnar og niðurstöður samræmdra prófa 2014 auk þess farið yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum og Skólavoginni

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 21. janúar 2015

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 09.25

16. 12. 2014 / HBH